

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 4. apríl 2022
UST202203-143/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Efri – Reykir/Hulduland - Bláskógabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 10. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Efri – Reyki/Hulduland í Bláskógabyggð.

Í greinargerð kemur fram tillagan gerir ráð fyrir tveim byggingarreitum á lóðinni og innan byggingareits B1 verður heimilt að byggja íbúðarhús og gestahús auk geymsluhúss eða skemmu þar sem heildar byggingamagn verður allt að 300 m² og innan reits B2 verður heimilt að byggja útihús, svo sem tækjaskemmu eða fjárhús sem getur verið allt að 600 m² að stærð.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Brúará og Brúarskörð og er númer 739 sem aðrar náttúruminjar og er svæðið afmarkað á aðalskipulagsupprætti sveitarfélagsins. Svæðið afmarkast af Brúará frá upptökum í Brúarskörðum og niður að ármótum Hvítár ásamt 200 m spildu beggja vegna árinna. Svæðinu er lýst sem lindá með óvenjulegum fossi, Brúarfossi. Fjölskrúðugur gróður og fuglalíf, auk þess er tilkomumikið landslag í Brúarskörðum.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að afmörkun svæðisins sé sýnd á upprætti eða skýringarmynd og fram komi í greinargerð hver áhrif tillögunnar eru á gróður, fuglalíf og ána.

Bakkagróður

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur